

Tillaga fulltrúa B-lista um bætta upplýsingagjöf á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs

Fulltrúar B-lista leggja til að fyrsti dagskrárliður sveitarstjórnar- og byggðarráðsfunda verði minnisblað sveitarstjóra um þau verkefni sem unnin hafi verið á milli funda, staða verkefna og hvað er á döfinni. Sveitarstjóri eða e.a. oddviti leggi fram minnisblaðið og fylgi því eftir á fundi. Sá háttur að sveitarstjóri geri grein fyrir verkefnum líðandi stundar var viðhafður á síðasta kjörtímabili og hafa fulltrúar B- lista saknað hans í upphafi þessa kjörtímabils. Afleiðingar þess eru að fulltrúar minnihluta fá ekki fullnægjandi upplýsingar um gang mála varðandi stjórn sveitarfélagsins. Framlagning slíks minnisblaðs er ekki einskorðað við að upplýsa kjörna fulltrúa heldur byggir undir gagnsæi í stjórnkerfi sveitarfélagsins þar sem íbúar geta fylgst betur með.

Bjarki Oddsson
Lilja Einarsdóttir
Rafn Bergsson